



Minjastofnun Íslands

Styrkir til undirbúnings tillögu að verndarsvæði í byggð

Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki úr húsafriðunarsjóði til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð.

Samkvæmt 4. gr. laganna skulu sveitarstjórnir meta hvort innan staðarmarka sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislu svipmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.

Heimilt er að sækja um styrki vegna vinnu við gerð tillögu og greinargerðar um mat á varðveislugildi, þ.m.t. vegna fornleifaskráningar og húsakönnunar, sem skulu liggja til grundvallar greinargerð um mat á varðveislugildi byggðarinnar, svo og vinnslu kortagagna, myndefnis og vegna samráðs við íbúa.

Umsóknareyðublað og reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði, ásamt leiðbeiningum um gerð tillögu að verndarsvæði í byggð er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknir skulu berast Minjastofnun Íslands í síðasta lagi mánudaginn 24. apríl 2017. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.



Minjastofnun
Íslands

Suðurgötu 39,101 Reykjavík

Sími: 570 1300

www.minjastofnun.is

husafridunarsjodur@minjastofnun.is